

36 Jarðir		Eining	Endurtekið:	
9. marz	Flutt	440	Jarðir	Eining
	Múlastekkur	20	I. Eiðahreppur	1310
	Þingmúli	50	II. Hjaltastaðahreppur	570
	Hátún	30	III. Tunguhreppur	2000
	Geitdalur	70	IV. Hlíðarhreppur	1260
	Þorvaldsstaðir	60	V. Fellahreppur	1780
	Flaga	50	VI. Fljótsdalshreppur	2080
	Mýrar	60	VII. Vallahreppur	2730
	Geirólfsstaðir	50	VIII. Skriðdalshreppur	910
	Voð	50		
	Stefánsstaðir	30		
	Alls	910		Einingar alls 12640

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61, 23. júní 1932, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. marz 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

37
18. marz

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Þórshafnar-kaupún.

I. Takmörk hafnarinnar.

Takmörk Þórshafnar eru að norðan bein lína úr Bakkahorni í Laxártanga, en að sunnan bein lína úr Borgartanga hjá Ytri-Brekkum, vestanvert í Hafnalónsárós.

II. Hafnargjald.

- Öll skip, sem mæld eru 5 smálestir og þar yfir, skulu greiða í hafnargjald 10 aura af hverri nettó-smálest í hvert skipti er þau leggjast á Þórshafnarhöfn, eða hafa samband við land á Þórshöfn eftir að þau koma frá útlöndum, eða ef ræðir um innlend skip, þá í fyrsta sinn er þau leita hafna á Þórshöfn á árinu. Liggi skipið lengur en 14 daga í einu á höfninni, tvöfaldast gjaldið.
- Hafni skipið sig oftár en einu sinni á árinu á Þórshafnarhöfn og hafi á þeim tíma ekki komið til annara landa, greiðist hafnargjaldið ekki að fullu nema í fyrsta skipti, en síðar að helmingi.
- Skip, sem ganga milli hafna á Íslandi, svo og milli Íslands og útlanda eftir ákveðnum ferðaáætlunum, skulu, þá er þau í fyrsta skipti á árinu koma á Þórshafnarhöfn, greiða hafnargjald, en síðar ekki þótt þau hafni sig oftár á sama ári.
- Skip, sem heimilisföst eru í þorpínu, eða stunda útgerð þaðan um lengri tíma en þrjá mánuði ársins, skulu greiða 5 krónur fyrir hvern opinn vélbát, 10 krónur fyrir vélbát þiljaðan og 10 krónur fyrir uppskipunarbát á ári.

III. Aukagjald.

Öll skip, sem hafnargjald eiga að greiða og hafna sig á tímabilinu 1. ágúst til 14. maí, skulu greiða fyrir vitaljós hafnarinnar 1 krónu í hvert skipti er þau leita hafnar á þessu tímabili. Séu skipin meira en 300 smálestir greiða þau 2 kr.

Skip, sem heimilisfang eiga á Þórshöfn, eru undanþegin þessu gjaldi. 37
Ljós gjald skal þó ekki greiða fyrr en hafnarljósum hefir verið komið upp. 18. marz

IV. Undanþága frá hafnargjaldi.

Eftirgreind skip eru undanþegin hafnargjaldi:

1. Öll herskip, varðskip, skemmtiskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna.
2. Skip, sem leita hafnar vegna sjóskemmda, enda þótt farmur þeirra sé á land borinn, ef þau flytja burt aftur farminn og ekkert annað.
3. Fiskiskip, er stunda veiðar frá Þórshöfn, er þau leita til hafnar vegna illveðurs.

V. Varnir gegn grynnkun hafnarinnar.

Óheimilt er að varpa nokkru í höfnina við land né annarsstaðar, er valdið geti grynnkun hennar, svo sem seglfestu, kolaösku frá skipum, fiskúrgangi o. fl. Ekki má leggja legufæri fyrir skip eða báta í höfnina nema með leyfi hafnarnefndar og í samráði við hana.

VI. Vörugjald.

Af vörum, sem fluttar eru í land á Þórshöfn eða skipað þaðan út, ennfremur vörum, sem fluttar eru á milli skipa á höfninni, skal greiða gjald, sem hér segir:

1. Af aðfluttu salti, kolum og sementi 1 króna, af hverri smálest.
2. Af aðfluttu timbri 2 aura, af teningsfeti.
3. Af öllum aðfluttum vörum kr. 1,50 af smálest.
4. Af öllum útfluttum vörum og vörum, sem fluttar eru milli skipa, 1 króna af smálest. — Minnsta gjald af öllum vörum er 10 aurar.

Af umhlöðnum vörum greiðist gjaldið aðeins einu sinni. Póst- og farþegaflutningur er undanþeginn þessu gjaldi.

Vörugjaldið skal reikna eftir þyngd vörunnar með umbúðum samkvæmt gjaldskrá.

Verði hafnarbryggja byggð á Þórshöfn skal gjaldskrá þessi endurskoðuð og samin skrá yfir bryggjugjöld.

VII. Hafnarsjóður og hafnarnefnd.

1. Gjöld þau, sem að framan greinir, renna í hafnarsjóð á Þórshöfn og skal honum varið til að standast kostnað af mannvirkjum, er við höfnina verða gerð, svo og til ljóskera og leiðbeininga við innsiglingu á höfnina.
2. Hafnarnefnd á Þórshöfn skipa 3 menn; kys hreppsnefnd Sauðaneshrepps tvo þeirra, en sýslunefnd Norður-Þingeyjarsýslu einn. Nefndarmenn skulu kosnir til þriggja ára og ganga úr nefndinni sitt árið hver, í fyrstu tvö skipti eftir hlutkesti. Skulu ávallt tveir nefndarmenn vera búsettir á Þórshöfn.
3. Hafnarnefnd skal sjá um að reglugerð þessari sé hlýtt og skal hún stjórna hafnarsjóðnum undir eftirliti hreppsnefndar, sem veitir fé úr sjóðnum eftir tillögum hafnarnefndar og ber ábyrgð á innstæðu hans eins og öðrum eignum hreppsins, enda skulu reikningar hafnarsjóðs endurskoðast og úrskurðast ásamt sveitar-sjóðsreikningum Sauðaneshrepps og fylgja þeim.

VIII. Almenn ákvæði.

1. Engin mannvirki má reisa við höfnina, nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar.
2. Skipstjórar eða afgreiðslumenn skipa skulu greiða skipagjöldin samkvæmt reglugerð þessari strax og skipin hafa hafnað sig, en vörugjöldin um leið og vörur eru fluttar í land eða um borð í skip.

37
18. marz

Hafnarsjóður hefir haldsrétt í vörum þeim, sem greiða skal gjald af, unz gjaldið er greitt.

IX. Sektarákvæði.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 400 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt alm. lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóvember 1917, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 18. marz 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

38
14. apríl

SAMÞYKKT

um einkasíma Bakásabúa og Svínvetninga í Austur-Húnavatnssýslu.

1. gr.

Samþykkt þessi nær til síma til allra bæja á vegasvæði Svínvetningabrautar inn að Syðri-Langamýri í Blöndudal og til rafstöðvarinnar við Sauðanes, enda skal símakerfinu eða skiptingu þess, hagað eftir tillögum landssímastjórnarinnar.

Einkasímar þeir og landssímar, sem þegar eru lagðir á þessu svæði, falla inn í einkasímakerfið jafnframt og það er lagt, enda teljist lagningarkostnaður þeirra til stofnkostnaðar kerfisins, nema annað verði að samkomulagi.

2. gr.

Gerð símakerfisins og fyrirkomulag skal vera samkvæmt tillögum landssíma-
stjóra.

3. gr.

Símakerfið skal leggja, þegar unnt er að fá framlög til þess frá landssímanum, samkv. lögum nr. 11, 14. júní 1929 um einkasíma í sveitum.

Rétt er að einstakir hlutar kerfisins, hvort sem er til eins bæjar eða húss eða fleiri bæja í félagi, og hvort sem lagt er frá Blönduósi eða einhverri landssíma-
stöð á svæðinu, verði lagðir fyrr en heildarkerfið er lagt, ef $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærna manna á því takmarkaða svæði óskar.

Skal lagning slíkra einstakra hluta kerfisins hagað þannig, að þeir falli inn í heildarkerfið, er það verður lagt, enda beri félagsmenn á því svæði, er kerfishlutinn fær, allan kostnað félagsins af lagningu hans, þar til heildarkerfið er lagt.

4. gr.

Afgreiðslur á síma sínum, svo og viðhald innanhúss, annast hver húsbóndi á símasvæðinu, sem síma hefir á sinn kostnað. Hann annast einnig bráðabirgðaviðgerðir á símanum innan takmarka ábúðarjarðar sinnar.

5. gr.

Allir þeir menn, sem gjaldskyldir eru samkvæmt 7. gr., skipa félag er nefnist Einkasímafélag Bakásabúa og Svínvetninga.